



16. febrúar 2024.

Umsögn vegna máls nr. 675, lagafrumvarp.

Tímabundinn rekstrarstuðningur vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Víkurafl ehf. hefur að mestu leyti þjónustað fyrirtæki og einstaklinga í Grindavík og höfum við því á síðustu mánuðum misst mikið af okkar viðskiptasamböndum. Þetta skilar sér í lægri innkomu en sama launakostnaði og auknum kostnaði í akstri þar sem mikil vinna fylgir því að afla nýrra viðskiptatengsla.

Fyrir hönd Víkurafls ehf viljum við benda á að í frumvarpinu er öll áhersla lögð á tekjufall fyrirtækja en aðrir þættir ekki eins áberandi. Mikilvægt er að taka einnig tillit til aukins rekstrarkostnaðar, sem dæmi greiðslur af iðnaðarbilum í Grindavík sem ekki ert hægt að nota og þar af leiðandi bætist við leiga nýrra iðnaðarbíla annarsstaðar. Einnig auknum kostnaði í akstri þar sem starfsmenn eru búsettir víða og þurfa að keyra langar vegalengdir til viðskiptavina.

Einnig óskum við eftir endurskoðun á að fyrirtæki endurgreiði allan rekstrarstuðning ef greiddur er arður. Lítil fyrirtæki greiða alla jafna lágar upphæðir í arð og því væri nær að endurgreiðsla væri í hlutfalli við arðgreiðslu.

Fyrir hönd Víkurafls ehf.

Arnpór Sigurðsson, eigandi.

Þorleifur Hjalti Alfreðsson, eigandi.